

# Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bændasamtök Íslands gera með sér svohljóðandi

## samning

um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2013 til 2017:

### Inngangsorð

Samningur þessi er gerður í framhaldi af fyrri búnaðarlagasamningum frá árunum 2005 og 2010 og er ætlað að stuðla að framgangi markmiða búnaðarlaga nr. 70/1998 eins og þau eru tilgreind í lögnum, þ.e. stuðla að framförum í íslenski búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar. Fjárframlög ríkisins samkvæmt lögum þessum ýti undir þróun nýrra framleiðsluhátta og nýrra greina innan landbúnaðarins og í tengslum við hann og miðist við að bændur hér á landi hafi ekki lakari starfsskilyrði en almennt gerist í nágrannalöndunum.

### I. KAFLI.

#### Almennt

##### 1. gr.

Samkvæmt 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 veitir ríkissjóður fé til verkefna á sviði jarðabóta, búfjárræktar og leiðbeiningastarfsemi sem og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði.

Öll framlög sem ríkissjóður greiðir til leiðbeiningaþjónustu, búfjárræktar jarðabóta og lífrænnar ræktunar skal greiða til Bændasamtaka Íslands sem annast ráðstöfun þessara fjármuna samkvæmt samningi þessum. Fjármunir til jarðabóta renna alfarið til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða.

##### 2. gr.

Heildarfjárhæðir sem samið er um að ríkissjóður veiti til verkefna skv. 1. grein árin 2013 til 2017 eru sem hér segir í milljónum króna:

Ár	2013	2014	2015	2016	2017
Til leiðbeiningaþjónustu	338	328	318	318	318
Til búfjárræktar	87	87	87	87	87
Til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða*	60	70	80	90	100
Til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins	70	85	110	125	140
Til lífrænnar ræktunar**	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5
<b>Samtals</b>	<b>558,5</b>	<b>573,5</b>	<b>598,5</b>	<b>623,5</b>	<b>648,5</b>

\*Á hverju ári skulu allt að 10 m.kr. renna til hreinsunar affallsskurða.

\*\* Framlag sem hefur verið veitt samkvæmt fjárlagalið 04-190-1.21

Auk þeirra framlaga sem samið er um í samningi þessum hefur einnig verið samið um fjármuni til sambærilegra verkefna í eftirfarandi samningum milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands um stuðning við einstakar búgreinar:

1. Samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 12. mars 2002, með gildistíma frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2011. Með viðaukum frá 2009 og 2012.

2. Samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með gildistíma frá 1. september 2005 til 31. ágúst 2012. Með viðaukum frá 2009 og 2012.
3. Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007, með gildistíma frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Með viðaukum frá 2009 og 2012.

## II. KAFLI.

### Leiðbeiningaþjónusta

#### 3. gr.

##### Áherslur.

Ríkissjóður greiðir árlega framlög samkvæmt 2. gr. samnings þessa til leiðbeiningaþjónustu, sem skal ráðstafað í samræmi við ákvæði búnaðarlaga nr. 70/1998. Þjónustan verður á samningstímanum á ábyrgð Bændasamtaka Íslands.

Megináherslur á einstökum sviðum eru eftirfarandi:

**Jarðrækt:** Efling ræktunarmenningar, hagkvæm fóðuröflun með lágmarks röskun umhverfis. Viðhald framræslu og endurræktun - gras, græn fóður og korn. Markviss áburðarnotkun með tilliti til hagkvæmni og umhverfissjónarmiða, þar með talin hámarksnýting búfjáraþurðar. Styrking innlendrar fóðurframleiðslu.

**Garðyrkja - ylrækt:** Gæðastýring með tilliti til hagkvæmni og lág mörkunar í notkun hjálparefna. Þróun raflýsingar, áttak í framleiðniaukningu, lenging uppskerutíma, aukin fjölbreytni í ræktun.

**Búfjárrækt:** Aukin afurðasemi, fjölbreyttari og betri afurðir, hraustir og endingargóðir gripir og hagkvæmari framleiðsla. Áframhaldandi þróun og nýting bestu kynbótaaðferða, stöðugt endurmat á ræktunarmarkmiðum með tilliti til óska neytenda og aukin þátttaka bænda í kynbótastarfi. Gæðastýring, nákvæmnisfóðrun og umhirða er tryggi velferð búfjárins.

**Rekstrar- og fjármálaráðgjöf:** Áhersla lögð á þverfaglega samvinnu og tengingu við aðgerðaáætlanir í búrekstri, s.s. fóður- og áburðaráætlanir. Hagkvæmni og arðsemi fjárfestinga í búrekstri.

**Lífrænn búskapur:** Bændur verði studdir til þess að takast á við þetta verkefni með því að kanna markaðslegar forsendur og hve vel tiltekna jarðir og framleiðsla hentar til aðlögunar að lífrænum búskap.

**Sjálfbær þróun og landnýting:** Stuðlað verði að sjálfbærni í landnotum með markvissri beitarstjórn og fræðslu, m.a. um mikilvægi ræktarlands og líffræðilegrar fjölbreytni.

**Byggingar og bútækni:** Áhersla á markvissa ráðgjöf vegna hagræðingar sem ætlað er að skila aukinni hagkvæmni í framleiðslu til lengri tíma.

Kostnaður vegna umsjónar með verkefnum samkvæmt samningi þessum fellur undir framlög vegna leiðbeiningaþjónustu.

## III. KAFLI.

### Búfjárrækt

#### 4. gr.

##### Verkefni og framlög.

Bændasamtök Íslands ákveða nánar skiptingu þeirra fjármuna sem renna til framkvæmdar á kynbótaskýrsluhaldi. Enn fremur skipta Bændasamtök Íslands fjármunum til kúasæðinga milli búnaðarsambanda.

IV. KAFLI.  
**Jarðræktarstyrkir**

5. gr.

*Verkefni og framlög.*

Framlögum mun á samningstímanum eingöngu verða varið til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða og skulu þau fyrirnefndu renna í ræktunarsjóð, sem einnig nýtur framlaga samkvæmt gildandi samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu.

Bændasamtök Íslands setja nánari reglur um ráðstöfun þessa fjár, sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra staðfestir. Reglurnar skulu m. a. kveða á um verkefni sem framlög greiðast til, umsóknarfresti, stærðarmörk ræktunarlands sem takmarka framlög og upphæðir framlaga og/eða hlutfall kostnaðar sem greitt er. Sérstaka áherslu skal leggja á eflingu kornræktar hjá svínabændum og skulu stærðarmörk ræktunar á svínabúum samkvæmt skilgreiningu í reglunum vera 2,5 sinnum hærri en almennt gildir. Endurskoða má reglurnar árlega.

6. gr.

*Framkvæmd og eftirlit.*

Bændasamtök Íslands skulu auglýsa með fullnægjandi hætti ( t.d. með auglýsingu í Bændablaðinu) og með nægilegum fyrirvara hvaða verkefni og viðfangsefni á sviði jarðabóta geta notið framlags, hver séu skilyrði þess að framlag verði veitt og annað það sem telja verður æskilegt að upplýsa væntanlega umsækjendur um, þar með talið um rétt umsækjenda og meðferð kvartana hjá samtökunum.

Umsóknir um framlög skulu berast Bændasamtökum Íslands fyrir auglýstan umsóknarfrest. Umsóknum sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur skal vísað frá.

Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt. Bændasamtök Íslands skulu setja sér verklagsreglur um framkvæmd úttekta sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra staðfestir. Reglurnar skulu m.a. kveða á um hvenær úttektum skuli vera lokið. Endurskoða má reglurnar árlega.

V. KAFLI.

**Önnur ákvæði**

7. gr.

*Gjaldtaka vegna veittrar þjónustu til notenda.*

Bændasamtök Íslands og aðrir aðilar sem fara með verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, geta tekið gjald fyrir þá þjónustu sem þau veita á grundvelli þessa samnings, sbr. heimild til slíkrar gjaldtöku í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og samkvæmt gjaldskrá sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra staðfestir.

8. gr.

*Ábyrgð og málsmeðferð.*

Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna samningsins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru tilgreindar í samningi þessum. Bændasamtök Íslands bera alla ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart þeim sem fá framlög á grundvelli hans.

Ákvæði stjórnslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar reglur stjórnsluréttar, gilda um þá stjórnslu sem Bændasamtök Íslands taka að sér samkvæmt samningi þessum.

Bændasamtökum Íslands er heimilt að fela búnaðarsamböndum og/eða félagi sem er alfarið í eigu samtakanna og starfar á ábyrgð þeirra verkefni samkvæmt samningi þessum enda samræmist það 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997.

9. gr.

*Eftirlit með samningi.*

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra hefur eftirlit með framkvæmd samningsins. Bændasamtök Íslands skulu tilkynna ráðuneytinu hver fari með yfirstjórn framkvæmdar samningsins fyrir hönd samtakanna. Árlega skulu aðilar fara yfir framkvæmd samningsins og þann árangur sem framlög hafa skilað.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem Bændasamtök Íslands skrá vegna framkvæmdar samningsins. Bændasamtökum Íslands ber að skrá hverjir eru viðtakendur framlaga sem þau ráðstafa á grundvelli samningsins, fjárhæð framlaga, verkefni sem framlög renna til og dagsetningu greiðslna. Bændasamtök Íslands skulu skrá sérstaklega formlegar kvartanir sem þeim berast vegna framkvæmdar samningsins og enn fremur hvaða meðferð kvartanir fá hjá samtökunum.

Bændasamtök Íslands skila árlega yfirliti til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um heildarfjárhæðir greiddra framlaga og skulu fjárhæðir vera sundurgreindar á milli verkefna eða viðfangsefna sem framlags geta notið.

Bændasamtök Íslands halda fjárreiðum sem samningur þessi nær til aðgreindum í ársreikningi frá annarri starfsemi sinni.

Bændasamtök Íslands skila atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Ríkisendurskoðun ársreikningi sem færður er í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

10. gr.

*Meðferð ágreinings og beiting viðurlaga.*

Vanefni Bændasamtök Íslands samningsbundnar skyldur sínar er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið, enda hafi samningsaðilar fjallað um vanefndir þær sem um ræðir. Ráðuneytið skal veita Bændasamtökum Íslands hæfilegan frest til úrbóta áður en ákvörðun er tekin um að stöðva greiðslur.

Komi til ágreinings milli samningsaðila vegna samnings þessa, skal skipuð sáttanefnd sem tekur ákvarðanir um lausn ágreiningsmála. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, einum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og tveimur frá Bændasamtökum Íslands. Hver aðili um sig ber kostnað af sínum fulltrúum. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.

*Gildistími, verðbætur og endurskoðun.*

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2013 og gildir til 31. desember árið 2017. Samningurinn kemur til endurskoðunar að tveimur árum liðnum og framlengist um tvö ár.

Framlag ríkisins vegna ársins 2013 er á verðlagi fjárlaga fyrir það ár og tekur ekki frekari breytingum. Framlag ríkisins á árunum 2014-17 skal samkvæmt samningi þessum breytast í samræmi við launa- og verðlagsforsendur sem lagðar verða til grundvallar fjárveitingum í fjárlögum hvers árs. Af framlagi ríkisins til Bændasamtaka Íslands samkvæmt samningnum skulu 65% teljast vera vegna launakostnaðar og 35% vegna annars kostnaðar.

Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast um sambærilega starfsemi, taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kunna að leiða af niðurstöðum samningaviðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum eitt frumrit skal vera í vörslu Bændasamtaka Íslands, eitt í vörslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og eitt í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Reykjavík, 28. september 2012.

F.h. Bændasamtaka Íslands

---

Haraldur Benediktsson

---

Sveinn Ingvarsson

---

Eiríkur Blöndal

---

Steingrímur J. Sigfússon,  
atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

---

Oddný G. Harðardóttir,  
fjármála- og efnahagsráðherra

## **Bókun um Framleiðnisjóð landbúnaðarins**

Samningsaðilar eru sammála um að skerpa áherslur Framleiðnisjóðs með eftirfarandi hætti á gildistíma búnaðarlagasamnings:

Áherslubreytingarnar taka mið af af stefnumótun stjórnvalda „Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag“ en þar segir m.a.: „Tryggja þarf ábyrga og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og samkeppnishæft atvinnulíf. Sjálfbærni í því sem snýr að matvælum tekur m.a. til notkunar og framleiðslu á innlendum aðföngum í landbúnaði s.s. áburði, fóðri og orkugjöfum/olíu. Með því að auka innlenda matvælaframleiðslu er stuðlað að aukinni sjálfbærni og ýtt undir atvinnusköpun.“ Eitt af markmiðum stefnumótunarinnar er jafnframt að hlutur innlendra matvæla í neyslu landsmanna hafi aukist um 10% árið 2020.

### **I. Efling kornræktar**

- a. Framleiðnisjóður stuðli að eflingu kornræktar m.a. með stuðningi við grunnfjárfestingar til markaðsfærslu á íslensku korni.
- b. Framleiðnisjóður styðji við stofnræktun á sáðbyggi, kynbættu fyrir íslenskar aðstæður, samkvæmt samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands.

### **II. Framleiðnisjóður verði leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins m.a. með:**

- a. Stuðningi við rannsóknarstarf og aðra þekkingaröflun í greininni.
- b. Stuðningi við nýsköpunar- og þróunarstarf í greininni.
- c. Stuðningi við sérstakt orkuátak í greininni, sem ætlað verði að bæta orkunýtingu og auka hlut innlendra orku til landbúnaðarnota.
- d. Stuðningi við sérstakt átak til að efla og bæta búrekstur. Því verði m.a. ætlað að auka framleiðni, bæta afkomu, stuðla að fjölþættari nýtingu bújarða og fjölga atvinnutækifærum.

Reglur um nánara fyrirkomulag einstakra verkefna skulu settar af stjórn sjóðsins og staðfestar af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

## **Bókun um lífeyrisskuldbindingar**

Aðilar eru sammála um að fyrir mitt ár 2013 verði fengin niðurstaða um hvernig mæta skuli skuldbindingum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna fyrrverandi starfsmanna Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambandanna, sem aðild eiga að B-deild sjóðsins.